



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/129
komudagur 14.11.2011

Reykjavík, 14. nóvember 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 7. mál.

Samtök iðnaðarins þakka fyrir tækifæri til að koma með athugasemdir við þingsályktunartillögu um eflingu græns hagkerfis á Íslandi. Umsagnaraðilar telja tillöguna gott innlegg í umræðu um grænt hagkerfi. Fjölmargar góðar tillögur eru lagðar fram og eru samtökin reiðubúin til að taka þátt í að láta þær verða að veruleika.

Samtökin telja að atvinnuuppbygging á sviði grænnar tækni og þróun almenns atvinnulífs í átt að umhverfisvænni starfsháttum sé þungamiðja í grænu hagkerfi. Markmiðið með grænu hagkerfi hlýtur að vera að innleiða græna hugsun í öllu atvinnulífi hér á landi með það að markmiði að bæta starfsemina. Græna hagkerfið er vaxtarhagkerfi, byggt á sjálfbærri nýtingu því iðnaður og umhverfi eru ekki andstæðir pólar, sé ramminn rétt stilltur. Það liggja fjölmörg tækifæri á þessu sviði sem vert er að nýta á uppbyggingartímum í landinu. Stefna um grænt hagkerfi þarf að vera opin og gefa færi á stöðugri nýsköpun og aðkomu nýrra tækifæra. Gæta þarf þess að læsast ekki inni tækni og möguleikum sem fyrir hendi eru á einhverjum ákveðnum tíma. Innan SI starfa fjölmörg fyrirtæki á þessu sviði og á síðasta ári voru stofnuð Samtök fyrirtækja í grænni tækni þar sem saman koma fyrirtæki sem vinna ötullega innan græna geira atvinnulífsins. Aukinn áhugi er almennt á umhverfisstarfi fyrirtækja eins og sjá má í aukningu þeirra sem sækjast eftir vottun á umhverfisstarfi sínu. Stór partur af grænu hagkerfi er að innleiða græn vinnubrögð án þess að ýta greinunum út. Þetta snýst um að gera hluti á betri veg og innleiða bætt vinnubrögð. Samstarf um grænt atvinnulíf er lykilþáttur í að byggja upp framtíðarsýn skýrslunnar. Í þeirri framkvæmd sem fylgir, ef þingsályktunartillagan verður samþykkt á Alþingi, er mikilvægt að vinna með fyrirtækjum og samtökum sem sinna grænni atvinnustarfsemi sérstaklega.

Hér að neðan er komið á framfæri nokkrum ábendingum um efni þingsályktunartillögunnar:

Í tillögu 18 er lagt til settur verði á fót grænn samkeppnissjóður sem deild í Tækniþróunarsjóði. Umsagnaraðilar styðja þessa tillögu en telja að þetta verði ekki framkvæmanlegt innan núverandi fjárhagsramma sjóðsins. Erfiðlega hefur gengið að efla sjóðinn undanfarin ár, þrátt fyrir aukna ásókn í styrki og að sýnt hafi verið fram mikinn árangur. Sjóðurinn sinnir nýsköpun í atvinnulífi á breiðum grunni og standa þarf vörð um það. Með því að efla Tækniþróunarsjóðs skapast hins vegar forsenda fyrir því að hann hafi bolmagn til að sinna sértækum verkefnum sem þessu.

Í tillögu 29 er fjallað um að útfæra mengunargjöld í anda mengunarbótareglunnar. Þegar horft er til reynslu annarra þjóða af þessari aðferð má sjá að aðferðin er notuð í vel skilgreindum tilvikum, til

Þess að ná tilteknum alþjóðlegum markmiðum og að atvinnulíf hefur mikið um stjórn verkefnisins að segja. Hættan er að aðferðin verði notuð til almennrar skattheimtu og renni ekki til verkefna sem skila umhverfislegum ávinningi. Samtökin vara við að nota þess aðferð nema ríkar ástæður liggi til og meðferð gjaldsins verði vel skilgreind þannig að það renni sannanlega til umhverfisumbóta í atvinnulífi. Annars er hætt á að tiltrú á aðferðarfræðina hverfi. Álagning kolefnisgjalds, sem fjallað er um í tillögu 34, er í anda þessarar tillögu og nýta má þessa aðferðarfræði í þeirri tillögu með því að beina nú þegar álögðu kolefnisgjaldi í þann farveg sem þingsályktunartillagan fjallar um, sjá umfjöllun hér neðar.

Í kafla 3.3 í greinargerð er fjallað um „grænan ábyrgðasjóð“ og einkonar framtakssjóð í almennri umfjöllun. Þetta atriði ratar þó ekki í þingsályktunartillöguna sjálfa. Lagt er til að bætt verði við við tillögu um veitingu lánaábyrga vegna framkvæmda ungra fyrirtækja sem eru að koma framleiðslu sinni af stað.

Í tillögu 34 er fjallað um hækkun kolefnisgjalds á eldsneyti til að fjármagna verkefni sem stuðla að orkuskiptum í samgöngum. Umsagnaraðilar leggja til að núverandi kolefnisgjald verði varið til þessa verkefnis, enda er það í samræmi við tillögu 29 í þessu sama skjali. Engin ástæða er til að leggja nýtt kolefnisgjald á, það hefur þegar verið gert.

Lagt er til að bætt verði við tillögu um að veitt verði verðlaun til Grænna tækifyrirtækja, t.d. á vegum iðnaðarráðuneytis eða stofnana þess. Horfa má til Kuðungsins en hér verði áherslan á umhverfistækni frekar en almennt umhverfisstarf. Verðlaun sem veitt eru af hlutlausum og traustum aðila geta skipt sköpum fyrir fyrirtæki sem eru að hasla sér völl á erfiðum markaði. Í þeim felst viðurkenning og með þeim má ná fram sérstöðu sem getur gripið athygli væntanlegra viðskiptavina. Einnig má styðja íslensk fyrirtæki til þátttöku í alþjóðlegum keppnum eins og Nordic CleanTech Open sem Innovit hefur haft veg og vanda af fyrir Íslands hönd.

Virðingarfyllt,



Bryndís Skúladóttir,
forstöðumaður umhverfismála